


Æskulýðsskýrsla
Hestamannafélagsins Léttis á
Akureyri
Veturinn 2017-2018





Æskulýðsnefnd

Mikið var um að vera hjá æskunni hér fyrir norðan veturinn 2017-2018 en hann einkenndist einna helst af gríðarlegum áhuga og miklum spenningi fyrir Landsmóti Hestamanna sem haldið var í Víðidalnum nú í sumar. En við hjá Hestamannfélaginu Létti eigum virkilega flotta, efnilega og einstaklega duglega knapa í öllum flokkum yngrideildanna. Starfið okkar hjá æskulýðsnefndinni nú í vetur snérist því mikið um undirbúning fyrir Landsmót og að aðstoða þessa frábæru krakka okkar með því að efla þá og auka reynslu þeirra inná velli.

Að sjálfsögðu vorum við með ýmis námskeið í boði þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og var sótt í fróðleik frá úrvals knöpum og reiðkennurum.

Hápunktur æskunnar var stórsýningin Æskan & Hesturinn en hún er samstarfsverkefni Hestamannafélagsins Léttis og Skagfirðings þar sem félögin skiptast á að halda viðburðinn.

Mikið líf og fjör var í Reiðhöll Léttis allan síðastliðin vetur og var unnið þar virkilega gott starf félagsmanna Léttis, en sjálfboðaliðar, nefndarmenn og aðrir starfsmenn félagsins eiga stórt hrós skilið fyrir óeigingjarnt starf. Æskulýðsstarfið væri ekki það sem það er í dag án þessara einstaklinga.

Æskulýðsnefnd Léttis

Hugrún Lísu Heimisdóttir
Sigríður Kristín Sverrisdóttir
Svana Karlsdóttir
Berglind Viðarsdóttir
Jóhanna Perla Gísladóttir
Örvar Áskelsson
Bjarney Anna Þórsdóttir

Námskeið

Hestamannafélagið Léttir reynir eftir bestu getu að koma til móts við þann fjölbreytta hóp sem við eigum af krökkum hér norðan heiða, enda er það okkar hagur að efla og styðja við bakið á æskunni.

Síðastliðinn vetur var svo að segja stútfullur af hinum ýmsu námskeiðum og fróðleik. Veturinn byrjaði á bóklegri kennslu í Knapamerki 1-4 þar sem hún Ásdís Helga Sigursteinsdóttir reiðkennari frá Hólum tók að sér, með frábærum árangri, að skóla til þá nemendur. Verklek kennsla knapamerkjanna hófst síðan eftir áramótin og fékk hún Ásdís Helga aðstoð frá Karen Konráðsdóttur reiðkennara frá Hólum en þær skiptu hópunum milli sín. Karen sá um verklega kennslu í knapamerki 1-2 og Ásdís Helga sá um verklega kennslu í knapamerki 3-4. Góð aðsókn var á knapamerkin í vetur og stóðu þau öll sig með stakri þrýði og megum við vera virkilega stolt af okkar krökkum. Dómari á lokaprófi í knapamerki 1-4 var hún Birna Tryggvadóttir reiðkennari frá Hólum.



Yngsta deildin okkar eða „Pollarnir“ fengu reiðnámskeið hjá Camillu Hoj reiðkennara frá Hólum og vakti það mikla lukku hjá þeim. Virkilega gaman að sjá þessa litlu polla stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni og sjá þau eflast og þroskast með námskeiðinu. Einnig var haldið almennt krakkanámskeið þar sem farið var yfir öll grundvallaratriði hestamennskunnar og var það hún Camilla Hoj sem sá um það. Hún Camilla fór í gegnum mismunandi ásetur með krökkunum og kenndi þeim gangskiptingar, endaði síðan námskeiðið á hindrunarstökki og smá liðakeppni með kókosbollum og gosi. Góð aðsókn var á það námskeið og komu þar inn nokkrir nýliðar í hóp æskunnar en það er einmitt eitt af okkar markmiðum hjá Létti, að fá inn fleiri krakka.



Þar sem góð aðsókn hefur verið af helgarnámskeiðum hjá honum Þorsteini Björnssyni reiðkennara á Hólum síðastliðin ár þá var ákveðið að halda þeirri hefð áfram. Að vanda var mikil og góð aðsókn á námskeiðin hans í vetur. Þessi námskeið eru einstaklingsmiðuð þar sem Þorsteinn fer í gegnum það „vandamál“ sem hrjáir viðkomandi þar (hest og knapa) og finnur lausn vandamálsins og leiðbeinir knapanum að bættri útkomu. Þessi námskeið eru opin fyrir alla Léttisfélaga óháð aldri og hafa unglingarnir og ungmennin verið að nýta sér þau.



Æskulýðsskýrsla Léttis 2018

Samband og samskipti við hestinn. Boðið var uppá þetta frábæra námskeið fyrir meira vana knapa, 12 ára og eldri en það var hann Johannes Amplatz, nemandi á örðu ári í B.S. í reiðmennsku og reiðkennslu við Háskólann á Hólum, sem sá um kennsluna á námskeiðinu. Námskeiðið fjallaði um jákvæð samskipti manns og hests og hvernig þau eru byggð upp. Farið var yfir samskiptaleiðir við hestinn þar sem lögð var áhersla á einfaldleika og auðskilin samskipti þar sem hann tók fyrir ásetu og ábendingar knapans svo og gangtegundir og líkamsbeitingu hestsins.

Undanfarin ár hafa þau góðu hjón, Anna Valdimarsdóttir og Friðfinnur Hilmarsson, komið norður og haldið fyrir okkur Léttismenn námskeið sem er opið öllum. Unglingarnir og ungmenning okkar hafa sótt í þessa einstaklingsmiðuðu kennslu og lofað í hástert, enda virkilegir fagmenn þar á ferðinni.

Nú í vetur sá Léttir um að halda hina árlegu sýningu Æskan & Hesturinn sem er samstarfsverkefni Léttis og Skagfirðings.

Þessi viðburður er ávalt mikið tilhlökkunarefni allra krakka og mikill spenningur og eftirvænting einkennir síðustu vikur fyrir sýninguna. Í ár fengum við hana Karen Konráðsdóttur, reiðkennara frá Hólum, til að búa til og æfa atriði fyrir Léttiskrakkana og að sjálfsögðu stóðu þau sig öll frábærlega. Dagurinn vakti mikla lukku allra viðstaddra og voru atriðin öll sem eitt alveg hreint stórkostleg. Boðið var uppá pollaflokk þar sem allir litlir pollar mættu í ýmsum búningum og riðu nokkra hringi, ýmist einir og óstuddir eða með góðan aðstoðarmann sér við hlið. Að sýningu lokinni bauð Bautinn á Akureyri uppá grillaða hamborgara og fóru allir virkilega sáttir og saddir heim.





Mót og mótaraðir

Árið 2018 er svokallað Landsmótsár og margir krakkar því fókuseraðir á úrtöku og því er nauðsynlegt að veita þeim eins mikla þjálfun og undirbúning á því sviði eins og unnt er. Margir krakkar hafa gríðarlegan áhuga á mótum og eigum við hjá Létti flottan og efnilegan hóp knapa í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum.



Til þess að efla þessa upprennandi keppnisknapa þarf ekki eingöngu námskeið heldur líka æfingu inn á vellinum, enda er það ein lærdómsríkasta reynsla þeirra. Það er margt sem þarf að huga að í keppni, hvort sem keppt er í íþróttagreinum eða á gæðingamóti, og eins og allir vita þá er það æfingin sem skapar meistaran!



Þess vegna finnst okkur alveg hreint nauðsynlegt að hafa sem mest í boði fyrir alla yngri keppnisflokkana og leggjum við hjá Létti kapp að því að halda hin ýmsu mót fyrir æskuna okkar.



Mótaröð Æskunnar var sett á laggirnar í fyrra við mikinn fögnuð og því var ekkert annað í boði en að halda henni áfram. Þessi mótaröð er komin til að vera og hefur hún eflt okkar krakka á vellinum og aukið þeirra sjálfstraust virkilega mikið, þau leggja sig öll fram og gefa ekkert eftir inni á vellinum. Mótaröðin er einstaklings stigakeppni og sett upp eins og Léttisdeildin þar sem keppt er í Fjörgangi V1, Fimmgangi F1, Tölti T1, Tölt T2 og Flugskeiði.



Líflandsmótið sem er ávallt haldið um páskana veker alltaf mikla lukku og fara allir þátttakendur heim með páskaegg. Mótið er virkilega stórt og flott mót þar sem keppt er í Fjörgangi V1 og Tölta T1 í öllum þremur flokkunum ásamt opnum flokki í Fimmgangi F1. Einnig er boðið uppá pollaflokk þar sem okkar allra yngstu knapar fá að sýna sig og spreyta.

Ekki voru fleiri skipulögð mót eingöngu fyrir æskuna en að sjálfsögðu voru mörg önnur mót í boði hjá félaginu eins og Vormót Léttis, Firmakeppni Léttis, Gæðingamót Léttis (úrtaka fyrir LM) og Haustmót Léttis.



Léttir sendi frá sér glæsilegan hóp knapa á Landsmót Hestamanna og stóðu þau sig með stakri þrýði. Léttir átti til að mynda fulltrúa í B-úrslitum í bæði unglunga- og ungmennaflokki ásamt því að eiga tvo fulltrúa í milliriðli í barnaflokki. Flottur árangur!!

Til að toppa stoltið hjá okkur þá eignuðumst við Íslandsmeistara í hestaíþróttum þegar hann Atli Freyr Maríönnuson sigraði í Tölta T2 í ungmennaflokki. Léttir átti einnig fulltrúa í úrslitum í Tölta T1 ungmenna, Fimmgangi F1 ungmenna, Tölta T2 unglunga og Fimmgangi F1 unglunga á Íslandsmótinu í hestaíþróttum. Hér á myndinni að neðan má sjá þá Atla og Óðinn en þeir lentu í 4.sæti í Tölt T1.



Þessi frábæri árangur hjá krökkunum veitir okkur mikla gleði og finnum við fyrir stolti, okkur finnst við „eiga“ þessa krakka og við bæði gleðjumst og berjumst með þeim. Það er þessi árangur sem gefur okkur orku og kraft til þess að halda hvert mótið á fætur öðru allan liðlangan veturinn! En við gerum það með glöðu og uppskerum góðan árangur.



Annað starf

Veturinn 2016-2017 var settur á fót svokallaður afrekshópur eftir fyrirmynd afrekshóps LH með góðum viðtökum og því var ákveðið að halda þessum hóp áfram. Valið er í afrekshópinn ár hvert og er fjöldi á bilinu 5-15. Þeir sem eru gjaldgengir í hópinn eru knapar í barna-, unglinga- og ungmennaflokk sem hafa orðið umtalsverða reynslu af keppni og vilja efla sig á þeim vettvangi. Fengnir verða hópstjórar ár hvert til að stýra verkefnum hópsins og þurfa þeir að hafa góða reynslu og fagþekkingu á þessu sviði. Á myndinni hér til hliðar má sjá fjóra af þeim fimm sem valdir voru í afrekshópinn í ár, með þeim skvísu á myndinni er hún Sigríður Kristín Sverrisdóttir fulltrúi æskulýðsnefndar og móðir eina drengsins í afrekshópnum í ár. Afrekshóp Léttis 2018 skipa þau Egill Már Þórsson, Ágústa Baldvinsdóttir, Valgerður Sigurbergsdóttir, Anna Ágústa Bernharðsdóttir og Sunneva Ólafsdóttir. Þau eru öll stórglæsilegir og virkilega efnilegir knapar sem gaman verður að fylgjast með áfram.



Árlega býður Léttir Hetjunum sem er Félag langveikra barna á hestbak og grillmat frá Bautanum. Æskulýðsnefndin sendi að sjálfsögðu fulltrúa í þetta flotta verkefni þar sem frábærir Léttisfélagar koma með hestana sína og leyfa börnunum að fara á hestbak með því að teyma undir þeim. Æskan okkar sýnir þessu líka mikinn áhuga þar sem flottir Léttiskrakkar mæta til

aðstoðar og eru þau svo yndislega góð, samviskusöm og natin við þessar Hetjur. Þessi dagur er alltaf jafn yndislegur fyrir alla sem að honum koma og svona dagar sýna okkur svo vel hversu gefandi hestamennskan er. Allar þessar hetjur fóru heim alsælar.





Æskulýðsskýrsla Létta 2018

Í haust er svo uppskeruhátíðin okkar sem er síðasti viðburður fráfarið nefndar í æskulýðsstarfinu. Á uppskeruhátíðinni munum við bjóða upp á veitingar og segja stuttlega frá öllum þeim viðburðum sem Létta hefur staðið að ásamt því að valinn verður knapi ársins hjá félaginu í hverjum flokki. Þetta er alltaf verulega hátíðleg og skemmtileg kvöldstund.

Léttskrakkarnir okkar eru afar áhugasöm og samviskusöm, þau eru ævinlega boðin og búin til aðstoðar við ýmislegt tengt starfi félagsins, hvort sem það er við mótsundirbúning, miðasölu, sjoppuafgreiðslu eða jafnvel tiltekt og þríf eftir mót.

Þau hafa oft á tíðum verið fengin til þess að aðstoða við verðlaunaafhendingar og þá sérstaklega nú í vetur þar sem Hestamannafélagið Létta fagnar 90 ára afmæli sínu. Myndin hér til vinstri sýnir flottan hóp barna við verðlaunaafhendingu í Léttsdeildinni. Þeim finnst það sannur heiður að klæðast



Léttsjakkanum og standa þrúð og fín við afhendingu verðlauna. Einnig meta þau það mikið þegar þeim er boðið að taka þátt í fánareid og er þá nánast barist um sætið. En myndin hér til hægri er tekin af opunaratriði á stórsýningunni Æskan & Hesturinn en þar var verið að afhenda fjórum félögum silfurmerki Létta fyrir störf sín að æskulýðsmálum og að sjálfsögðu áttum við flotta fulltrúa úr barnaflokki sem fánabera.



Á neðstu myndinni má sjá þrjá glæsilega fulltrúa Létta í fánareidinni á Landsmóti Hestamanna í sumar og var þeim mikill heiður að fá að taka þátt í þessari hátíðlegu stund og vera fyrirmynd fyrir aðra krakka.





Æskulýðsskýrsla Léttis 2018

Lokaorð

Við í æskulýðsnefnd Léttis erum virkilega stolt af öllum okkar krökkum, stórum og smáum, og þökkum kærlega fyrir okkur, afskaplega gaman og gefandi að vinna með þessum krökkum.

Einnig viljum við þakka öllu því frábæra fólki sem staðið hefur að málum æskunnar með okkur og aðstoðað við alla þessa viðburði, námskeið og mót sem við komum að í vetur, hvort sem aðstoðin var í formi vinnu eða styrkja (fjárstyrkir & gjafir).

Kær Kveðja

F.h. Æskulýðsnefndar Léttis

Hugrún Lísu Heimisdóttir